

6. Fundur

Þriðjudaginn 12. desember kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Bryndís Björk Barkardóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.

Formaður upplýsti um stöðuna í kjaraviðræðum.

2. Sala á hlutabréfum í Norðurböðum hf.

Samþykkt var að selja hlutabréfin, á genginu 3,19 sem er söluvirði 1.437.357 kr.

3. Leiga á íbúð vegna Grindavíkur.

Rætt var um stöðuna í Grindavík og ákveðið var að fresta ákvarðanatöku um leiguna fram í janúar 2024.

4. Orlofsstyrkir 2024, upphæð og fjöldi.

Ákveðið var að halda sömu upphæð og sama fjölda og í fyrra, 2023.

5. Illugastaðir, viðhald.

Formaður upplýsti um stöðuna á framkvæmdunum á Illugastöðum.

6. Styrkir úr Sjúkrasjóði.

Ræddar breytingar á styrkjum úr Sjúkrasjóði. Ákveðið var að skoða breytingar á sálfræðipjónustu og bæta inn í dvöl í Hveragerði.

Stjórn Sjúkrasjóðs falið að fjalla um og fara yfir styrkina.

7. Önnur mál.

- a. Gráhraun 3. Endanlegt kaupverð 65.850.870 kr.
- b. Farið var yfir 10 mánaða uppgjör.
- c. Uppstillingarnefnd. Samþykkt var að tilnefna Önnu Hafdísí úr trúnaðarráði. Jón Grétar dró sig úr nefndinni en Halldór Óli kemur í hans stað.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.